



# Skýrsla starfshóps um bættan námsárangur í Dalvíkurskóla SKÓLAÁRIN 2015-2018





## Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Horft um öxl .....	5
Vinna starfshópsins .....	8
Undirbúningsvinna vorið 2015 .....	8
Skólaárið 2015-2016 .....	9
Skólaárið 2016-2017 .....	11
Skólaárið 2017-2018 .....	14
Mat á árangri.....	17
Samræmd próf.....	17
Lesferill .....	18
Foreldrakannanir .....	18
Skólapúlsinn .....	19
Framtíðarsýn.....	20
Lokaorð .....	22

## Inngangur

Þegar skýrsla um úttekt Mennta- og menningarmálaráðuneytisins á Dalvíkurskóla, sem gerð var skólaárið 2014-2015, var lögð fyrir fund fræðsluráðs Dalvíkurbyggðar þann 18. mars 2015 var eftirfarandi bókað:

*Eftir samráð við skólastjóra leggur fræðsluráð til að skipaður verði þriggja manna vinnuhópur um bættan námsárangur skólans. Skólastjóri mun koma með tillögu um 2 fulltrúa þess vinnuhóps en kennsluráðgjafi verður fulltrúi fræðsluskrifstofu í vinnuhópnum.*

Gísli Bjarnason, skólastjóri Dalvíkurskóla, gerði tillögu að því að fulltrúi skólans í vinnuhópnum yrði auk hans Dóróþea Reimarsdóttir verkefnastjóri sérkennslu á eldra stigi skólans. Helga Björt Möller þáverandi kennsluráðgjafi var fulltrúi fræðsluskrifstofu. Fræðsluráð setti hópnum ekki erindisbréf en lagt var upp með að vinnuhópurinn starfaði í þrjú ár. Gísli var formaður vinnuhópsins og kennsluráðgjafi á fræðsluviði Dalvíkurbyggðar vann ýmsa undirbúningsvinnu, vann úr ýmsum gögnum og ritaði fundargerðir.

Á fyrsta fundi vinnuhópsins var meðal annars ákveðið að fá þyrfti kennara af öllum stigum til að taka sæti í hópnum. Fyrir lá að fulltrúi skólaskrifstofu, Helga Björt, var að láta af störfum og Dóróþea, sem tæki við starfinu, yrði framvegis fulltrúi skólaskrifstofu. Veturinn 2015-2016 skipuðu auk Gísla og Dóróþeu vinnuhópin þau Friðrik Arnarson, deildarstjóri eldra stigs, Erna Þórey Björnsdóttir, kennari á yngsta stigi, Katla Ketilsdóttir, kennari á miðstigi, Guðríður Sveinsdóttir, kennari á elsta stigi og Klemenzt Bjarki Gunnarsson, kennari á elsta stigi. Haustið 2016 varð sú breyting á skipan hópsins að Margrét Magnúsdóttir, kennari á yngsta stigi og Katrín Fjóra Guðmundsdóttir, deildarstjóri yngra stigs, tóku sæti þeirra Ernu Þóreyjar og Guðríðar. Haustið 2017 fækkaði í hópnum þegar Katla fór í fæðingarorlof og Katrín Fjóra vék sæti til að halda utan um vinnu við gerð læsisstefnu skólans. Fáum kennurum var til að dreifa á miðstigi vegna vinnu við annað þróunarstarf og því ákveðið að láta duga að tveir fulltrúar kennara sætu í hópnum í ár.

Á starfstíma sínum hélt vinnuhópurinn samtals 53 fundi þar sem áhersla hefur verið lögð á markmiðasetningu námsgreina, læsi, foreldrasamstarf, snemmtæka íhlutun, námstækni, að

rýna í niðurstöður kannana og að ljúka heimanámsstefnu skólans. Fundargerðir vinnuhópsins hafa verið kynntar í fræðsluráði mánaðarlega og eru allar vistaðar í skjalavistunarkerfi sveitarfélagsins.

## Horft um öxl

Fram að því að vinnuhópurinn um bættan námsárangur tók til starfa hafði ýmislegt verið unnið í Dalvíkurskóla með það að markmiði að bæta skólastarfið og árangur nemenda. Hér verður tæpt á því helsta allt frá árinu 2010.

Haustið 2010 tók til starfa Fagráð að frumkvæði Gísla Bjarnasonar, skólastjóra. Ráðið hélt fundi einu sinni til tvisvar í mánuði. Í því sátu skólastjóri, þrír kennarar úr Dalvíkurskóla, einn úr Árskógarskóla, verkefnastjóri sér- og nýbúakennslu og fulltrúi skólaskrifstofu. Tilgangur ráðsins var m.a. að vera samráðsvettvangur skólastjóra, kennara og skólaskrifstofu um fagleg skólatengd mál, s.s. stefnumótun, skólanámskrá, eftirfylgni o.fl. Hlutverk þess var að (Heimild: Glærur frá Gísla Bjarnasyni):

- Fylgja eftir að í Grunnskóla Dalvíkurbyggðar væri unnið eftir Aðalnámskrá grunnskóla og unnið í samræmi við lög og reglugerðir.
- Styðja við að unnið sé eftir þeim verkferlum, stefnum og áætlunum sem skólinn/sveitarfélagið hefur sett/samþykkt.
- Ýta undir að unnið sé með fjölbreyttar kennsluáðferðir í skólanum.
- Hvetja til frekari fagmennsku í skólastarfi og stöðugra umbóta.
- Fylgjast með og hvetja til nýjunga í skólastarfi.
- Taka þátt í gerð skólanámskrár.
- Vera ráðgefandi við skólastjóra um endurmenntun hjá starfsfólki innan skólans.
- Taka þátt í að skipuleggja og framfylgja innra mati skólans.
- Vera ráðgjafi skólastjórnar um ýmis álitamál í skólastarfi.
- Vinna að framþróun á skólastarfi.

Ráðið var mjög virkt til haustsins 2012 en þá voru stofnaðir vinnuhópar kennara um hin ýmsu mál, t.d. læsi, snemmtæka íhlutun og fjölmenningu og hafa slíkir vinnuhópar verið starfandi síðan og skilað af sér stefnumótandi skjölum, s.s. læsisstefnu og fjölmenningsstefnu.

*Stefna um þjónustu við börn með sérþarfir í skólum Dalvíkurbyggðar* var skráð árið 2011. Þar kom meðal annars fram hvaða skimanir eru lagðar fyrir í skólanum, hvenær og hver ber ábyrgð á að leggja þær fyrir. Stefnan var uppfærð á yfirstandandi skólaári.

*Læsisstefna Dalvíkurskóla* var einnig unnin árið 2011. Unnið er að endurskoðun á henni nú þegar *Læsi er lykillinn* er orðin opinber læsisstefna Dalvíkurbyggðar. *Læsi er lykillinn* varð til í samstarfi Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri og grunnskólanna á Akureyri ásamt fleiri skólum við Eyjafjörð, m.a. Dalvíkurskóla. Undanfari þess var að skólastjórnendur Dalvíkurskóla tóku þátt í samstarfsverkefni skólastjórnenda í Eyjafirði, fræðslustjórans á Akureyri og Háskólans á Akureyri um *lærdómssamfélagið*.

*Fjölmenningsstefna í skólum Dalvíkurbyggðar* var sett árið 2012 og *Móttökuáætlun fyrir börn af erlendum uppruna* var tilbúin á árinu 2014. Það ár var haldið námskeið í fjölmenningslegum kennsluháttum undir leiðsögn Guðrúnar Pétursdóttur. Haldinn var foreldrafundur með erlendum foreldrum í mars 2015 til að fá fram hvað foreldrar telja nauðsynlegt að þýða af gögnum frá skólanum.

Veturinn 2013-2014 var sérstakur vinnuhópur að störfum í sveitarfélaginu við mótun skólastefnu Dalvíkurbyggðar. Innleiðingarferli hennar stóð skólaárið á eftir. Skólaárin 2013-2016 var formleg innleiðing grunnþátta menntunar í skólanum í kjölfar gildistöku nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla. Þegar vinnuhópurinn tók til starfa var búið að innleiða grunnþættina nema *Læsi*. Sú innleiðing fór fram haustið 2015.

Af þróunarverkefnum má nefna *Allir í mat 2009 -2010*, *Byrjendalæsi 2010-12*, *Orð af orði 2011-2013*, *Læsi til náms 2013-2014*, *Töfraheim stærðfræðinnar 2011-2013* og *Byrgjum brunninn 2014-2015* sem hefur að markmiði snemmtæka íhlutun í lestur og stærðfræði heima og í skóla.

Haustið 2014 hófst formleg innleiðing teymisvinnu kennara. Áhersla er lögð á að kennarar styðji hver annan í starfi og leiti saman lausna á hinum ýmsu málum er varða nám nemenda, kennslu og að koma til móts við einstaka nemendur. Einnig að stuðla að því að hæfni hvers kennara nýtist sem best fyrir skólastarfið.

Í ágúst 2015 undirritaði sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar *Þjóðarsáttmála um læsi* þar sem sveitarfélagið skuldbatt sig til m.a. að setja sér markvissa læsisstefnu, að beita snemmtækri íhlutun í leik- og grunnskólum, að veita nemendum af erlendum uppruna sérstakan stuðning til að ná viðmiðum í læsi sem og að leggja áherslu á samvinnu við foreldra.

Rýnt hefur verið í niðurstöður samræmdra prófa eftir ákveðnu ferli a.m.k. frá 2010 og brugðist við í framhaldinu. Skólastjóri hefur á hverju ári kynnt þær niðurstöður fyrir fræðsluráði. Frá haustinu 2012 hefur í upphafi 1. bekkjar verið skimuð staða nemenda í stærðfræði og frá 2014 hefur einnig verið lagt mat á undirstöðuþætti lestrar. Brugðist er við niðurstöðum í samstarfi við foreldra.



# Vinna starfshópsins

## UNDIRBÚNINGSVINNA VORIÐ 2015

Þann 1. apríl 2015 var fyrsti undirbúningsfundur þriggja manna vinnuhópsins haldinn og skráðar niður hugmyndir að því hvað gæti skilað Dalvíkurskóla bættum námsárangri. Það helsta sem nefnt var:

- Læra af þeim sem hafa náð árangri í sambærilegri átaksvinnu, t.d. Reykjanesbæ.
- Læsi. Innleiðing læsisstefnu, áhersla á snemmtæka íhlutun, áherslur í lestri alla skólagönguna, samstarf við Félag eldri borgara, lesskilningsvinna, vanir kennarar við upphaf skólagöngu.
- Nýting kennslustunda og skólaársins í heild.
- Efla foreldrasamstarf.
- Heimanámsstefna.
- Nýting niðurstaðna úr mati á stöðu og námsárangri, s.s. skimunum og samræmdum prófum. Skrá viðmið um undanþágur og stuðningsúrræði við töku samræmdra prófa.
- Nemendur með annað móturmál en íslensku.
- Markmiðasetning námsgreina.
- Birting skólanámskrár að hausti og kennsluáætlana í upphafi anna.
- Bæta stuðning við nýja starfsmenn.
- Hvernig sterkari nemendum er mætt.
- Markviss símenntun starfsmanna.

Undirbúningshópurinn hélt samtals fjóra fundi áður en fullskipaður starfshópur hittist í fyrsta sinn. Á fimmta fundi var ákveðið að leggja megináherslu á læsi strax í haust enda sá grunnþáttur menntunar sem áætlað var að innleiða á skólaárinu. Einnig að verja starfsdegi sem framundan var í að leggja drög að samfelli í markmiðasetningu námsgreina sem stefnt yrði

að því að ljúka á skólaárinu 2015-2016. Í því fólst að þræpa niður þau markmið sem Aðalnámskrá grunnskóla setur við lok 4. bekkjar, lok 7. bekkjar og lok 10. bekkjar. Dóróþea sá síðan um að rýna markmiðasetningarnar sumarið 2016.

## **SKÓLAÁRIÐ 2015-2016**

Vinnuhópurinn hélt 17 fundi á skólaárinu. Yfirlit yfir helstu verkefni:

- Búið var að festa komu Gylfa Jóns Gylfasonar, fyrrverandi fræðslustjóra í Reykjanesbæ, á kennarafund í ágúst. Þar ætlaði hann að kynna þær leiðir sem farnar voru í Reykjanesbæ til að ná þeim árangri sem mikið var til umfjöllunar í fjölmiðlum um þær mundir. Gylfi Jón forfallaðist og í framhaldinu kynnti hópurinn sér í gegnum veraldarvefinn erindi sem Gylfi Jón flutti skömmu áður fyrir skólafólk á Höfn. Niðurstaðan var að upplýsingarnar sem þar komu fram væru nægilegar og því ekki þörf á að finna nýjan tíma fyrir heimsókn Gylfa Jóns.
- Strax að hausti hófst samstarf Dalvíkurskóla við Félag eldri borgara um að sjálfboðaliðar úr þeirra hópi kæmu og létu lesa á yngsta stigi og miðstigi og yndislestrarátak fór af stað í öllum árgöngum.
- Markmiðasetning námsgreina var að einhverju leyti notuð af kennurum við gerð kennsluáætlana.
- Hópurinn hugaði að hvernig samstarfi við foreldra væri háttáð, hvað væri gott og hvað mætti bæta, og lagði til grundvallar bókina *Skóli og skólaforeldrar* eftir Nönnu Kristínu Cristiansen. Ákveðið var að framvegis fengju allir nýir skólaforeldrar bókina að gjöf frá skólanum þegar barn þeirra kemur í 1. bekk. 12. kafli í bókinni, sem fjallar um samráðsfundi var afhentur öllum umsjónarkennurum til yfirlstrar og undirbúnings fyrir samráðsviðtöl haustsins. Þann kafla þarf að rifja upp með kennurum árlega. Afrakstur vinnunnar var skjalið *Foreldrastarf í Dalvíkurskóla* þar sem fram kemur hvernig samstarfi um skólann, bekkinn og nemandann skuli vera háttáð. Samráðsviðtöl voru almennt lengd úr 15 mínútum í 20 mínútur.
- Kennarahópnum falið að setja niður á blað og samræma milli kennara hvernig tekið er á móti foreldrum sem koma í heimsókn í kennslustundir, hvað foreldrum er leyfilegt í slíkum heimsóknum og hvað ekki.

- Sérstakur starfshópur var að störfum vegan endurskoðunar og innleiðingar læsisstefnu Dalvíkurskóla og fulltrúar úr honum tóku þátt í stefnumótun fyrir skóla á Eyjafjarðarsvæðinu um læsi. Vinnuhópurinn um námsárangur fékk til samstarfs við sig deildarstjóra yngra stigs (Katrín Fjóra), verkefnastjóra sérkennslu (Gunnhildur), leiðtoga skólans í Byrjendalæsi (Magnea Kristín) og sérfræðing skólans í lesskilningi (Bergljót) til að skoða læsi. Leiðtogi innleiðingar grunnþáttarins læsis (Erna Þórey) sat í námsáragurshópnum á þessum tíma. Hluti þessa hóps sat í stýrihópi skólans um læsi.
- Rýnt var í niðurstöður samræmdra prófa í öllum árgöngum. 4. bekkur sýndi mjög góðan árangur þetta árið, 7. bekkur slakari og 10. bekkur slakastan.
- Mikið rætt hvernig hægt væri að skima stöðu nemenda í ensku fyrr á skólagöngunni en á samræmdum prófum í 9. bekk en ekki tókst að finna matsgögn sem hentuðu til þess. Enskukennarar á miðstigi, þeir Jóhann Hreiðarsson og Magni Þór Óskarsson, komu til viðræðna við hópinn um stefnu varðandi enskukennslu. Þeir ásamt Klemenzi settu fram eftirfarandi hugmyndir að uppbyggingu stöðumats í ensku:

#### **5. bekkur:**

- Hlustun þar sem kannaður er skilningur á mæltu máli.
- Lestur og framburður. Svára spurningum frá kennara og þýða nokkur orð. Munnlegt próf þar sem nemandi les stuttan texta, framburður kannaður og nemandi látinn þýða örfá orð úr textanum.

#### **7. bekkur:**

- Hlustun sem kannar skilning á töluðu máli. Krossaspurningar, tengingar og skrifleg svör.
- Lesskilningur. Opnar spurningar og krossar. Bæði svarað á ensku og íslensku.
- Þýðing af ensku yfir á íslensku.
- Stutt ritun á ensku.
- Eyðufyllingar sem taka á málfræði.
- Guðríður og Katla lögðu fram hugmynd að vinnubrögðum á miðstigi sem þennan vetur yrði tilraun í stærðfræðinámi í 5. og 6. bekk:
  - Haustið myndi byrja á tveggja vikna upprifjun á efni bekkjarins á undan. Síðan lagt fyrir próf, niðurstöður greindar og brugðist við þeim.
  - Fyrir próf eftir hvern kafla í kennslubókinni geri nemendur samning um þann árangur sem þeir stefna að. Sé árangur 10% eða meira undir markmiði fær

nemandinn tveggja vikna heimapakka úr efninu og sama próf síðan endurtekið að tveimur vikum liðnum. Séu nemendur minna en 10% undir samningi fá þeir samt tækifæri til að þreyta prófið aftur. Markmiðið er að ná sem flestum upp í að stefna að minnst 80% árangri en einhverjir munu ekki eiga möguleika á því strax og fá þá samning upp á 70% eða lægra sem fer síðan hækkandi.

- Miðannarpróf og vorpróf lögð fyrir og um þau gildi sama ferli.

Afbrigði af þessu fyrirkomulagi hefur fest í sessi frá 6.-9. bekk. Það er þannig að nemendur setja sér markmið um lágmarksárangur á prófum á samráðsdegi með foreldrum í október og gildir það fyrir skólaárið. Það er mat kennara (Guðríður) að fyrirkomulagið gefi góða raun.

Próf úr upprifjun að hausti hafa ekki orðið að föstum lið.

- Tíminn frá í febrúar og fram á vor fór í vinnu með kennurum að því að ljúka drögum að markmiðasetningu námsgreinanna og á starfsdegi unnu kennarar að námsmats-áætlunum út frá markmiðasetningunni.
- Tekin var ákvörðun um að fá læsisráðgjafa Menntamálastofnunar til að sjá um fræðslu á námskeiðsdögum kennara í ágúst. Sérstaklega var óskað eftir umfjöllun um kennslu barna með annað móðurmál en íslensku.
- Ákveðið að námstækni og ferli í kennslu hennar verði einnig í forgangi í upphafi næsta skólaárs.

## **SKÓLAÁRIÐ 2016-2017**

Vinnuhópurinn hélt 17 fundi á skólaárinu. Yfirlit yfir helstu verkefni:

- Námskeið, skipulagt af læsisráðgjöfum Menntamálastofnunar, var haldið á Ólafsfirði í samstarfi við Fjallabyggð á tveimur námskeiðsdögum kennara um miðjan ágúst. Þar var farið yfir fjölmargt sem gæti stutt við bætt læsi. Líklega hefði þurft að tryggja meiri eftirfylgni að þessari fræðslu lokinni. Forstöðumaður Bókasafns Dalvíkurbyggðar kom einnig til klukkustundar langs fundar með ráðgjöfunum.
- Á fyrsta fundi vinnuhópsins þetta skólaár var unnið að því að ljúka heimanámsstefnu Dalvíkurskóla sem síðan var lögð fyrir skólaráð til umsagnar og samþykktar.
- Náms- og starfsráðgjafi Dalvíkurskóla kom til fundar við hópinn snemma hausts þar sem farið var yfir með hvaða hætti mætti styrkja námstækni nemenda. Ákveðið að skólustjóri feli

honum að setja upp drög að áætlun um áherslur í námstækni fyrir alla árganga skólans og hvernig þekkingu starfsfólks verður viðhaldið í framhaldi af fræðslufundi náms- og starfsráðgjafa um þau mál.

- Í janúar var haldið námskeið í samtalstækni fyrir starfsmenn með það að markmiði að styrkja færni þeirra þegar kemur að viðtölum við foreldra og nemendur sem tekin var ákvörðun um að framvegis verði kölluð *samráðsviðtöl*.
- Því komið á að allir kennarar skrifi kennsluáætlanir sínar inn í sama formið og áætlanirnar síðan birtar nemendum og foreldrum. Í upphafi hvorrar annar verði kennsluáætlanir tengdar við skólanámskrána á heimasíðu skólans.
- Ákvörðun tekin um að bekkjarnámskrár séu óþarfar í þeirri mynd sem verið hefur. Markmiðasetning námsgreina og lykilhæfni verði í stað þeirra hluti af skólanámskrá og í almennum hluta skólanámskrárinnar komi fram hvaða starfshættir séu viðhafðir í skólanum. Kennsluáætlanir byggist á markmiðasetningu námsgreina, grunnþáttum menntunar og lykilhæfnimarkmiðum og þar komi fram nánari útfærsla á vinnubrögðum.
- Sjálfstraust og sjálfsmynd nemenda var til umræðu í framhaldi af niðurstöðum Skólalámskrárinnar. Spurningu varpað fram hvort Vinaliðaverkefni að hætti Árskóla á Sauðárkróki væri mögulega eitt af því sem hægt væri að nýta til að styrkja nemendur.
- Sigríður Gunnarsdóttir, sem sér um íslenskukennslu fyrir börn með annað móðurmál en íslensku, kom til fundar við hópinn í nóvember.
  - Rætt um að dusta rykið af þeim kennsluháttum sem Guðrún Pétursdóttir kynnti í skólanum haustið 2014 og voru ætlaðir til að styrkja kennara í vinnu með börn af erlendum uppruna í gegnum kennsluhætti sem krefjast samvinnu og samstarfs nemendahópsins. Öllum kennurum gert að prófa a.m.k. eina af þessum leiðum og síðan var kynning í kennarahópnum á því sem kennarar prófuðu. Þetta heppnaðist vel.
  - Hugmynd kom fram um hvort *Söguskjóður* með spilum til heimilans væru eitthvað sem ætti að huga að.
  - Móttaka nemendanna er samkvæmt móttökuáætlun skólans.
  - Rætt hvernig hægt væri að auka tengslin við foreldra þessara barna og stendur sú spurning opin ennþá.

- Nauðsynlegt að fá verkefnastjóra í ákveðið hlutfall til að fylgja ýmsu eftir sem tengist börnum af erlendum uppruna og einnig að vera ráðgefandi við kennara um hvernig þeir geti sem best tekist á við kennslu þeirra inni í bekk.
- Endurskoða þarf kafla skólanámskrárinnar um hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barna af erlendum uppruna.
- Lagt til að þemaverkefni næsta árs verði *Fjölmennig*. Af þessu varð.
- Nauðsynlegt að koma upp verkefnabanka sem hentar fyrstu mánuði skólagöngu barnanna. Nú þegar er til listi með tenglum inn á ýmsa vefi og smáforrit. Þessum gögnum verði komið fyrir á sameiginlegu svæði kennara og eitthvað af því tengt inn á heimasíðu skólans og Facebooksíður.

Næsti fundur vinnuhópsins var notaður í að leita að gagnlegu efni á netinu sem gagnast gæti kennurum.

- Ákveðið að stefna að fundi með foreldrum barna af erlendum uppruna til að leita áhlits þeirra á hvernig staðið var að móttöku barna þeirra, hvað hefði mátt betur fara og á því hvernig hægt væri að gera betur í að koma upplýsingum til og frá foreldrum og skóla. Einnig að fá fram hugmyndir þeirra um hvað skólinn eða sveitarfélagið gætu haft forgöngu um til að styðja við meiri félagslega þátttöku þeirra og barna þeirra sem og meiri tengsl við íslenskumælandi íbúa sveitarfélagsins. Áréttað verði mikilvægi þess að foreldrar efli og styrki skilning barna þeirra á eigin móðurmáli og sjái til þess að þau verði læs á það. Af þessum foreldrafundi hefur ennþá ekki orðið.
- Töluverður tími var tekinn í að rýna í niðurstöður kannana sem lagðar eru fyrir nemendur, s.s. Skólapulsiinn, Lesferil, Olweus-eineltiskönnunina, samræmd próf o.fl. Einnig niðurstöður foreldrakönnunarinnar sem og ýmislegt sem kannað var hjá hverju teymi starfsmanna, s.s. hvað vegur þyngst í álagi í starfi.
- Kennsluráðgjafi skilaði ítarlegri samantekt í kjölfar setu hans í fjölmörgum kennslustundum hjá flestum kennurum skólans. Í samantektinni komu fram ábendingar um atriði sem mögulega gætu leitt til betri líðanar, sjálfsmyndar og námsárangurs nemenda. Kennsluráðgjafi kynnti samantektina einnig á almennum kennarafundi. Ekki var unnin sérstök umbótaáætlun í framhaldinu en í skýrslu um innra mat skólaárið 2016-2017 var tekið mið af þessu í umbótaáæltunum.
- Á deildafundum í maí var kannað hvað kennarar telja helstu álagsþætti í starfi. Þar var aginn efstur á blaði og síðan úrræðaleyfi varðandi kennslu nemenda af erlendum uppruna. Í framhaldinu ákveðið að setja agamálin í forgang næsta haust og sá möguleiki ræddur að setja

upp sérstakt hegðunarteymi þar sem m.a. sætu iðjuþjálfari og þroskaþjálfari skólans. Áður hafði verið ákveðið að verja námskeiðsdögum haustsins í að allir kennarar sætu námskeið hjá Guðrúnu Pétursdóttur um nám í fjölbreyttum nemendahópi.

## SKÓLAÁRIÐ 2017-2018

Vinnuhópurinn hélt 13 fundi á skólaárinu. Helstu verkefni:

- Á námskeiðsdögum í ágúst hélt Guðrún Pétursdóttir námskeið undir heitinu *Samvirkt nám í fjölbreyttum nemendahópi*. Hún dýpkaði og bætti við það sem hún kynnti kennurum skólans haustið 2014 undir nafninu *Fjölmenningarleg kennsla*. Markmiðið var ekki síst að efla starfsmenn í að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp og ná fram góðri virkni allra nemenda í kennslustundum. Í desember kom Guðrún aftur og lauk námskeiðinu með ýmsum hagnýtum ráðum. Vinnuhópurinn ræddi um að láta ekki staðar numið hér heldur leggja áherslu á að frekari þróun verði í kennsluháttum í þessum anda. Mögulega mætti viðhalda þeim með jafningjafræðslu innan kennarahópsins.
- Agamálin hafa verið í brennidepli í haust og áhersla lögð á að nýta vel verkfæri Uppbyggingarstefnunnar. Valdís verkefnastjóri stefnunnar í Dalvíkurskóla var með námskeið fyrir nýliða og upprifjun fyrir starfsfólk. Kennarar yfirfóru skólareglur og skólastjórar uppfærðu þær síðan í heild sinni, settu í ramma og munu koma fyrir í skólastofum. Nánari reglur verða gefnar út í *Handbók um umgengni*. Stefnt var að því að fá fræðslu frá Hlíðarskóla um vinnu með einstaklinga sem rekast ekki vel og efla samstarf um viðbrögð við erfiðri hegðun. Af því hefur ekki orðið ennþá.
- Rætt að æskilegt væri að fá fjölskylduráðgjafa/félagsráðgjafa til starfa með skólunum fyrst sálfræðingur fæst ekki þrátt fyrir að auglýst hafi verið eftir honum.
- Ákveðið að þegar stefna sveitarfélagsins í fjölmenningsarmálum, sem nú er í vinnslu, verður frágengin taki stýrihópur til starfa í Dalvíkurskóla til að endurmeta stefnu í kennslu nemenda af erlendum uppruna. Eins og fram hefur komið hefur sú endurskoðun verið í bið.
- Í byrjun vetrar kynnti Gísli fyrir vinnuhópnum það helsta úr skýrslu um innra mat Dalvíkurskóla á síðasta skólaári sem nú er komið í fastari skorður en áður. Þar eru

- skráðar umbótaáætlanir varðandi allt það sem talið er mega betur fara í starfinu. Á næsta starfsmannafundi kynntu stjórnendur síðan skýrsluna og ferlið sem nú er unnið eftir við gerð innra mats. Einnig kynnti kennsluráðgjafi námsárangurshluta ytramats-skýrslu sem kennsluráðgjafi vinnur fyrir fræðsluráð á hverju vori.
- Rýnt var í niðurstöður Skólapúlsins sem gefa til kynna að ráðast verði markvisst að því að efla sjálfsmynd nemenda og trú þeirra á sjálfa sig sem námsmenn. Sérstaklega þarf að vinna að því að styrkja sjálfsmynd nemenda og fá t.d. sjálfsstyrkingar-námskeið fyrir unglingana og fræðslu fyrir foreldra. Forvarnarhópur sveitarfélagsins tók að sér að fá aðila til að sjá um fræðslu um þessi mál.
  - Vinnuhópurinn rýndi niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. Bekk. Vegna klúðurs í fyrirliögn á landsvísu liggja niðurstöður ekki fyrir í 9. bekk. 4. bekkur stóð sig afar vel og er meðal efstu skóla á landinu bæði í íslensku og stærðfræði. 7. bekkur var einnig yfir meðaltali í báðum greinum og sýndi framfarir frá því í 4. bekk.
  - Í febrúar kom Gunnhildur, verkefnastjóri sérkennslu, á fund vinnuhópsins til að rýna með okkur niðurstöður *Lesferils*, lesfimiþrófs MMS, sem lagður er fyrir í öllum árgöngum. Staða Dalvíkurskóla er mjög góð miðað við landsmeðaltal, einungis tveir árgangar sýna lakari frammistöðu en landsmeðaltalið. Búið er að festa í sessi tveggja vikna lestrarspretti í öllum árgöngum skólans í september, janúar og apríl (sjá nánar í væntanlegri læsisstefnu skólans).
  - Læsissteymi skólans var falið að setja fram ferli um hvernig unnið skuli úr niðurstöðum *Lesferils* í hvert sinn sem þær liggja fyrir og einnig úr lesskilnings-prófinu *Orðarín*, sem lagt er fyrir tvisvar á ári í 3.-8. bekk. Ferlarnir munu fylgja læsisstefnu skólans þegar þar að kemur.
  - Niðurstöður foreldrakönnunar komu einnig til umræðu í hópnum. Almenn ánægja ríkir meðal foreldra um skólastarfið en samt eru of margir foreldrar sem telja börn sín lögð í einelti þó að þeim hafi fækkað frá síðasta ári. Þegar niðurstöður Olweus-könnunarinnar liggja fyrir verður farið betur í saumana á þessu.
  - Vinnuhópurinn sá til þess að markmiðasetningar námsgreina voru uppfærðar af kennurum og öðrum sérfræðingum nú þegar þær hafa verið notaðar sem grunnur að kennsluáætlunum í tvö skólaár. Ennþá stendur lífsleiknin (hluti af samfélagsfræðinni



skv. Aðalnámskrá) út af en skólinn á samt ferla um árgangamiðaðar áherslur í kennslu hennar. Þessar markmiðasetningar verða hluti af skólanámskránni þegar hún verður lögð fyrir fræðsluráð nú í vor.

- Á yfirstandandi skólaári er þróunarstarf í gangi varðandi stærðfræðikennslu frá 1. upp í 7. bekk ásamt *Hugarþjálfun er líkamsrækt hugans* sem styrkt er af Sprotasjóði. Það tengist minnisþjálfun og er í gangi að frumkvæði og í umsjá verkefnastjóra sérkennslu á yngra stigi.

## Mat á árangri

Erfitt er að meta árangur af vinnu starfshópsins þar sem áreiðanleg mælitæki skortir og mjög margt sem aldrei hefur komið inn á borð starfshópsins hefur haft áhrif á góðan árangur í skólastarfinu. Það sem helst er hægt að styðjast við þegar breytingar eru metnar er samanburður á árangri á samræmdum prófum, niðurstöður lesfimimælinga Menntamála-stofnunar, niðurstöður foreldrakannana og niðurstöður Skólapúlsins þar sem fram koma viðhorf nemenda í 6.-10. bekk.

### SAMRÆMD PRÓF

Niðurstöður samræmdra prófa eru og verða alltaf sveiflukenndar þar sem nemendur í hverjum árgangi í Dalvíkurskóla eru tiltölulega fáir. Hér fyrir neðan má sjá normaldreifðar grunnskólaeinkunnir í 4. og 7. bekk síðustu 5 árin. Til viðmiðunar þá er landsmeðaltal normaldreifðrar grunnskólaeinkunnar 30.

Námsgrein	2013	2014	2015	2016	2017
íslenska	25,8 (27,1)	25,9 (30,0)	28,2 (30,7)	29,6 (31,1)	33,7 (28,1)
stærðfræði	25,1 (27,8)	25,5 (24,7)	24,9 (28,9)	29,0 (28,7)	31 (23,5)

**Normaldreifð grunnskólaeinkunn á samræmdum prófum í 7. bekk Dalvíkurskóla 2013-2017.** (Tölur í svigum sýna grunnskólaeinkunn sama árgangs eins og hún var í 4. bekk).

Námsgrein	2013	2014	2015	2016	2017
íslenska	31,1	28,1	32,6	26	35,9
stærðfræði	28,7	23,5	32,5	26,9	38,7

**Normaldreifð grunnskólaeinkunn á samræmdum prófum í 4. bekk Dalvíkurskóla 2013-2017.**

Niðurstöður samræmdra prófa í 4. bekk voru afburða góðar síðast liðið haust og hafa aldrei verið betri. Núverandi 7. bekkur hefur bætt stöðu sína töluvert frá því í 4. bekk sem gefur vísendingar um að vel hafi tekist til með þann bekk á miðstigi.

Einungis liggja fyrir niðurstöður samræmdra prófa í stærðfræði hjá 9. bekk nú í ár. Normaldreifð grunnskólaeinkunn árgangsins er 22,9, var 24,9 þegar þessi árgangur var í 7. bekk og 28,9 þegar hann var í 4. bekk.

## LESFERILL

Samkvæmt mælingum á lesfimi með Lesferli MMS í febrúar síðast liðnum standa nemendur Dalvíkurskóla mjög vel í lesfimi miðað við landsmeðaltal. Allir árgangar í 1.- 4. bekk voru vel yfir landsmeðaltali og einungis tveir árgangar í skólanum öllum náðu því ekki. Fyrir þremur árum var matstækið Lesferill ekki til og því ekki hægt að gera samanburð við stöðuna eins og hún var þá. Undanfari þessara lesfimiþrófa var *Leið til læsis* fyrir 1. og 2. bekk sem Dalvíkurskóli tók í notkun haustið 2012 og þá strax var hugað að íhlutun í stöðu þeirra sem sýndu veikleika í undirstöðuþáttum lestrar.

## FORELDRAKANNANIR

Frá og með árinu 2015 hefur verið reynt að halda nokkrum spurningum í foreldrakönnuninni óbreyttum milli ára. Hér má sjá afstöðu foreldra til þeirra spurninga sem hafa mest vægi hvað varðar líðan og námsárangur á þessu fjögurra ára tímabili. Tölurnar sýna hlutfallslegan fjölda þeirra sem er sammála eða frekar sammála.

Matsþáttur	2015	2016	2017	2018
Barninu líður vel í skólanum	95%	94,2%	96,7%	<b>98,4%</b>
Ánægðir með skólann	96,5%	96,5%	97,3%	<b>98,4%</b>
Upplifa sig velkomin í skólann	97,5%	96,7%	<b>100%</b>	99,2%
Telja samráðsfundi markvissa og árangursríka	91,6%	94%	<b>95,8%</b>	93,6%
Segja barnið hafa metnað fyrir náminu	85,2%	83,5%	85,8%	<b>89,5%</b>

### Samanburður á svörum foreldra í Dalvíkurskóla í febrúar 2015, 2016, 2017 og 2018

Feitletruðu tölurnar sýna hæsta hlutfall jákvæðra svara við hverri spurningu. Munurinn milli ára er það lítil að hann telst líklega ekki marktækur. Þarna má þó sjá að á yfirstandandi skólaári mælist hæsta hlutfallið í þremur spurningum af fimm. Skólaárið 2016-2017 lagði starfshópurinn mikla áherslu á foreldrasamstarf, bæði var unnið að stefnumörkun um það og einnig að því að efla kennara í að eiga góð og árangursrík samtöl við foreldra. Þann vetur

mælist hæst hlutfall þeirra sem telja samráðsfundi markvissa og árangursríka og þeirra sem upplifa sig velkomna í skólann.

## SKÓLAPÚLSINN

*Skólapúlsinn* er könnun sem um nokkurt skeið hefur verið lögð fyrir nemendur í 6.-10. bekk. Lagt er mat á líðan þeirra og viðhorf til nokkurra þátta er varða nám. Þróunina milli ára í svörum nemenda við nokkrum þessara þátta má sjá í töflunni hér fyrir neðan. Meðaltal á landsvísu er á bilinu 4,7-5,2.

<b>Matsþáttur</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>
Ánægja af lestri	4,9	5,1	4,6	4,6	4,8
Þrautseigja í námi	5,3	5,2	4,3	4,5	4,8
Áhugi á stærðfræði	5,2	5,4	4,6	4,7	4,9
Ánægja af náttúrufræði	3,8	4,4	3,8	4,1	4,2
Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,9	4,7	4,4	4,5	4,4
Trú á eigin námsgetu	4,4	4,2	4,2	3,9	4,0
Sjálfsálit	4,8	4,5	4,3	4,1	4,6
Vellíðan	4,6	4,4	4,6	4,4	4,3
Agi í tímum	5,5	5,2	5,0	4,9	5,1
Virk þáttaka nemenda í tímum	6,0	5,6	5,4	5,3	5,5
Samsömun við nemendahópinn	4,7	4,7	4,5	4,1	4,4
Samband nemenda við kennara	5,8	5,7	5,0	5,0	5,3

### Niðurstöður nokkurra spurninga í Skólapúlsinum árin 2014-2018.

Áhugi á námsgreinum minnkaði á tímabilen hefur hægt og sígandi aukist aftur. Teikn eru á loftu um að sjálfsálit nemenda sé aftur á uppleið. Trú á eigin námshæfni hefur ekki aukist, er marktækt undir landsmeðaltali. Líðan nemenda og samsömun við nemendahópinn er líka hvoru tveggja marktækt undir landsmeðaltali þrátt fyrir að rannsóknir sýni að líðan grunnskólanemenda á Íslandi hafi almennt versnað síðustu ár og viðmiðið því lækkað. Leggja þarf vinnu í að finna leiðir til að bæta líðan nemenda og byggja upp trú þeirra á eigin námshæfni, verðleika sína og möguleika í lífinu. Gott samband nemenda við kennara hefur í gegnum árin verið sterkt einkenni skólans, þó svo það mælist ekki eins sterkt nú og þegar hæst bar.

## Framtíðarsýn

Starfshópurinn leggur til að:

- Í stað starfshóps um bættan námsárangur verði skipað Fagráð sem hefur að markmiði að viðhalda því góða sem áunnist hefur og vera á tánum varðandi allt sem bætt getur skólastarfið. Það verði skipað 4 fulltrúum kennara (1.-4. bekkur, 5.-7. bekkur, 8.-10. bekkur, verk/íþróttakennari), skólastjóra, kennsluráðgjafa á fræðsluviði og öðrum eða báðum deildarstjórum skólans. Unnin verði starfslýsing fyrir ráðið og fundargerðir þess lagðar fyrir fræðsluráð. Æskilegt væri að fá raddir nemenda inn í hópinn með einhverjum hætti.
- Í forgang fari að bæta stöðu barna með annað móðurmál en íslensku, bæði námslega og félagslega. Huga sérstaklega að því hvernig virkja má samstarf við foreldra þeirra og að innan skólans starfi kennari sem er ráðgefandi um málefni þeirra. Fundurinn sem áætlaður var með foreldrum barna af erlendum uppruna verði að veruleika.
- *Fjölmenningsstefna í skólum Dalvíkurbyggðar* verði endurskoðuð þegar málstefna sveitarfélagsins og stefna þess í málefnum íbúa af erlendum uppruna verður tilbúin. Ákveða þarf hvort byggja skuli frekar á hugmyndafræði LAP.
- Annað forgangsverkefni verði vinna við að bæta líðan nemenda, byggja upp trú þeirra á eigin ágæti og á hæfni sína sem námsmenn. Leggja þarf línur um hvernig það verði markvisst gert. Einn liður í þessu er að greiður aðgangur verði að fjölskylduráðgjafa.
- Sérfræðingar í ART innan skólans fræði aðra starfsmenn um helstu áherslur þess svo þeir geti nýtt þær og viðhaldið kunnáttu nemenda á milli þess sem sérfræðingarnir í ART vinna með nemendum. Nú er það í 2., 6. og 9. bekk. Gæti verið lóð á vogarskálarnar í að efla sjálfsmynd nemenda.
- Í upphafi hvers skólaárs rifji náms- og starfsráðgjafi upp með kennurum mikilvæga þætti varðandi námstækni sem gott væri að temja nemendum. Auk þess haldi hann áfram eins og verið hefur að fræða nemendur árlega um góða námstækni.

- Tryggt verði að námsaðferðir sem innleiddar hafa verið á síðustu skólaárum viðhaldist. Má þar nefna Byrjendalæsi, PALS, Samvirkt nám í fjölbreyttum nemendahópi (GP), Orð af orði, Læsi til náms, breytta kennsluhætti í stærðfræði o.fl. Tryggja þyrfti leiðtoga úr röðum kennara til að viðhalda þessu þróunarstarfi og skilgreina hlutverk leiðtoganna.
- Fagrað fylgi því eftir að niðurstöður allra formlegra kannana og skimunarprófa séu rýndar samkvæmt skimunaráætlunum, kynni sér þau gögn og nýti í starfi sínu.
- Námsmatsáætlun Dalvíkurskóla verði yfirfarin og endurskoðuð.
- Hluti af innra mati skólans verði að kennarar rýni markvisst eigin störf (starfendarrannsóknir) yfir stutt tímabil. Fylgjast með hvenær Skólaskrifstofa sveitarfélagsins Skagafjarðar setur Gæðagreininn á markað og meta þá hvort hann verður tekinn upp.
- Hugað verði reglulega að skilum skólastiga, bæði við upphaf og ekki síður lok grunnskóla. Kennsluráðgjafi beri ábyrgð á að samráðsfundur fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar, Krílakots og Dalvíkurskóla verði áfram haldinn á hverju skólaári.
- Teymiskennsla hefur eflst í Dalvíkurskóla og æskilegt er að efla hana enn frekar, t.d. undir leiðsögn Ingvars Sigurgeirssonar sem er einn helsti sérfræðingur landsins á þessu sviði.
- Markvisst verði unnið að því að auka leiðsagnarmat í skólanum en það er meginþemað í námsferð starfsmanna til Skotlands nú í júní.
- Leitað verði leiða til að mögulegt sé að meta hvaða breytur hafa mest áhrif á sveiflur í námsárangri milli árganga svo markvisst verði hægt að gera betur.

## Lokaorð

Þó svo erfitt sé að meta ávinning af vinnu starfshópsins þau þrjú ár sem hann hefur starfað þá er það mat hans að mikilvægt sé að sambærileg vinna verði áfram í gangi. Því er lagt til að Fagráð Dalvíkurskóla verði endurvakið, það vinni samkvæmt starfslýsingu og að fundargerðir þess verði reglulega lagðar fyrir á fundum fræðsluráðs.

Nokkrar stefnur Dalvíkurskóla hafa verið dregnar fram og endurskoðaðar, sumu er lokið en öðru ekki. Skólanámskrá og starfsáætlun Dalvíkurskóla er orðin í samræmi við það sem kveðið er á um í Aðalnámskrá grunnskóla og skráð hafa verið markmið fyrir hverja námsgrein í öllum árgöngum. Stutt er í að vinnu við læsisstefnu skólans ljúki og að hægt verði samhliða innleiðingu hennar að hefja innleiðingu á *Læsi er lykillinn*, læsisstefnu Dalvíkurbyggðar. Endurskoðun á stefnu um þjónustu við nemendur með sérþarfir lauk á yfirstandandi skólaári og stefna um foreldrasamstarf og heimanám liggur orðið fyrir. Eftir er að endurskoða fjölmenningsstefnuna og námsmatsáætlun skólans. Mögulega þarf að setja stefnu um nýtingu upplýsingatækni í skólastarfinu en mikil þróun hefur orðið meðal kennara í nýtingu hennar.

Sífelld þarf að vera á tánum til að tryggja góða líðan og námsárangur nemenda. Í því skyni þarf að setja í forgang að trú nemenda á eigin ágæti verði eflað með markvissum hætti. Annað forgangsmál er að bæta stöðu nemenda með annað móðurmál en íslensku og mögulega einnig þeirra sem eiga íslensku að móðurmáli og eru að snúa til baka eftir áralanga dvöl erlendis. Sem hluta af því þarf að efla samstarf við foreldra þeirra. Fylgja þarf áætlunum skólans um úrvinnslu og eftirfylgni reglubundinna skimana og mats á námslegri stöðu. Einnig þarf að tryggja ábyrgð á að þær breytingar á kennsluháttum sem innleiddar hafa verið á umliðnum árum dafni innan skólans og haldi áfram að þróast. Lykillinn að því að vera áfram í fararbroddi skólastarfs sem gerir ráð fyrir gæðamenntun fyrir alla nemendur og byggir á stefnu stjórnvalda um skóla án aðgreiningar er að breyttir kennsluhættir festist í sessi.